

III. Til kenslu í eðlisfræði:

1. Segulstál. 2. Glerstöng. 3. Ebonistöng. 4. Hyllimergskúlur tvær. 5. 11. júlí.  
6. Prístrent gler. 6. Stækkunargler.

Þetta er kunnugt gjört öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 11. júlí 1908.

**H. Hafstein.**

*Jón Magnússon.*

## Auglýsing

81  
13. júlí.

um kgl. staðfesting skipulagsskrár fyrir Minningarsjóð Sigríðar Thoroddsen.

31. oktbr 1905 var veitt kgl. staðfesting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sigríðar Thoroddsen. Skipulagsskrá sjóðsins hefir eigi fyrr verið birt opinberlega, og er hún því auglýst hjer nú.

Stjórnarráð, Íslands 13. júlí 1908.

### Minningarsjóður Sigríðar Thoroddsen.

I.

Sjóðurinn á að heita Minningarsjóður Sigríðar Thoroddsen og er stofnaður af Þóru og Þorvaldi Thoroddsen með 3000 kr. stofnfje hinn 26. júlí 1905.

II.

Thorvaldsensfjelagið í Reykjavík skal stjórna sjóði þessum. Stofnfje sjóðsins og það fje, sem við það bætist, skal jafnan ávaxtað í bankavaxtabrjefum eða öðrum opinberum skuldabrjefum, í Söfnunarsjóði Íslands eða á annan fulltryggilegan hátt; þó má eigi lána það einstökum mönnum eða fjelögum og heldur eigi kaupa fyrir það fasteignir. Eignir sjóðsins má eigi veðsetja. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

III.

Af vöxtum sjóðsins skal jafnan leggja  $\frac{1}{4}$  — einn fjórða hluta — við höfuðstólinn, en þrem fjórðu hlutum ( $\frac{3}{4}$ ) árlegra vaxta skal varið til hjálpar og hjúkrunar fyrir fátæk, veik stúlkubörn í Reykjavík á þann hátt, sem forstöðufnefnd Thorvaldsensfjelagsins þykir bezt henta.

Ef Thorvaldsensfjelagið hættir störfum, tekur bæjarstjórn Reykjavíkur við yfirráðum og umsjón yfir sjóð þessum og kýs þriggja kvenna nefnd, sem ráðstafar  $\frac{3}{4}$ . hlutum árlegra vaxta samkvæmt tilgangi þessarar skipulagsskrár.

Kaupmannahöfn 26. júlí 1905.

*Þóra Thoroddsen. Þorvaldur Thoroddsen.*

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1907.

### Tekjur:

1. Eftirstöðvar við árslok 1906:			
a. Í Landsbankanum . . . . .	kr.	1204 84	
b. Í peningum . . . . .	—	180 30	
		<hr/>	kr. 1385 14
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	—		2400 00
3. Vextir af bankainnlögum:			
a. 31. desbr. 1907 . . . . .	kr.	22 23	
b. 7. jan 1908 . . . . .	—	89	
		<hr/>	— 23 12
			kr. 3808 26

### Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	kr.	1074 50
2. 13. afborgun uppí og vextir af láni til Ölfusárbrúarinnar	—	241 31
3. Styrkur til Skógræktarfelags Reykjavíkur . . . . .	—	100 00
4. Styrkur til Kvennaskólans í Reykjavík . . . . .	—	100 00
5. Kostnaður samkvæmt lögum 2. oktbr. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi . . . . .	—	144 38
6. Ýmisleg útgjöld . . . . .	—	619 84
		<hr/>
	Flyt . . . . .	kr. 2280 03